

Fréttir og fróðleikur



**Veffflugan**  
VEFFRÉTTABLAÐ mars 2014



LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA



Vefflugan á vegg hjá Magnúsi L.

## Risaskrefið í lífeyrismálum '69

Bls. 12-13



Séreign og pabbaráð

Bls. 4-5



Öldrunarsprengingin

Bls. 6-7





# Gott ávöxtunarár 2013

Lífeyrissjóðir landsmanna skiluðu að jafnaði um 5,5% raunávöxtun eigna sinna á árinu 2013. Það telst afar gott, enda er vaxtaviðmið þeirra 3,5% að meðaltali til langs tíma.

„Vissulega var síðastliðið ár sjóðunum hagstætt. Afkoman segir samt ekkert um framtíðarávöxtunina og hún breytir heldur engu um það álit okkar að nauðsynlegt er að afnema gjaldeyrishöft til að sjóðirnir komist á ný með fjármuni út fyrir landsteinana til ávöxtunar. Þannig dreifa þeir áhættu í fjárfestingum, sem er mjög mikilvægt. Þetta verður að gerast í skrefum, við vitum vel að efnahagskerfið þolir ekki að girðingar falli og eignir séu fluttar úr

landi í stórum stíl á einni nóttu. Hins vegar er fullkomlega óviðunandi ef lífeyrissjóðirnir, og þar með almenningur, eigi að vera síðastir í röðinni,“ segir Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða – LL. Hún hefur gegnt starfinu í tæplega þrjú ár en þekkti áður vel til lífeyrismála og lífeyrissjóðakerfisins eftir að hafa starfað um árabil á réttindasviði LSR, Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

„Lífeyrissjóðir varða alla landsmenn og koma ótrúlega víða við sögu enda er starfsemin hér enn fjölbreyttari og áhugaverðari en ég bjóst við. Ég kom hingað inn í kjölfar efnahagshrunsins og allt þjóðfélagið var að gera upp sín mál. Allir vildu vanda sig og læra af reynslunni, ekki síst lífeyrissjóðirnir. Þeir tóku þátt í að endurreisa mörg fyrirtæki og þar með atvinnulífið með því að fjárfesta miklu meira en áður í hlutafélögum, beint eða í gegnum Framtakssjóðinn.

Undanfarið höfum við rætt nokkuð í okkar röðum um það til hvers beri að líta við mótun hluthafastefnu lífeyrissjóða, hvernig þeir eigi að beita sér sem eigendur og hvernig þeir eigi að koma siðareglum sínum og öðrum boðskap á framfæri í stjórnun fyrirtækjanna og í samfélaginu yfirleitt. Sjóðirnir hafa skyldur að rækja og þeir verða að fylgja fjárfestingum sínum eftir. Ekki er í boði að þeir haldi sig til hlés, afskiptalitlir eða jafnvel afskiptalausir. Ég finn fyrir því að stjórnendur sjóðanna eru mjög meðvitaðir um þessi málefni.

Ég neita því ekki að sumt sem við tókumst á við mætti gerast hraðar. Við stöndum frammi fyrir að-

kallandi verkefnum eins og því að bregðast við breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar. Við lifum lengur en áður og öldruðum fjölgar hlutfallslega. Þar liggur raunar styrkur íslenska kerfisins, sem byggist á sjóðsöfnun.

Hver kynslóð safnar fyrir sínum efri árum. Hins vegar er hallinn á opinberu sjóðunum áhyggjuelfni, ekki síst fyrir þá sem þar eiga réttindi. Mikilvægt er að ná sátt um hvernig á að standa við skuldbindingar sem hvíla á þjóðfélaginu vegna opinbera lífeyriskerfisins. Þar er breitt bil á milli eigna og skuldbindinga, sem á sér sögulegar skýringar. Brýnt er að finna leiðir til að unnt sé að standa við gefin loforð um lífeyrisréttindi og fjármagna kerfið til framtíðar.

Enn má nefna samspil almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðakerfisins, sem ekki er sem skyldi. Þar eru alltof miklar tekjutengingar og margir sjá lítinn hag af greiðslum frá lífeyrissjóðum því þær rýra greiðslur úr almannatryggingakerfinu. Hjá því verður ekki komist að skilgreina betur hlutverk hvors kerfis og hvernig kerfin skuli vinna saman í sátt og samlyndi.“ ■

## Hver er staðan?

„Fólk ver oft djúgum tíma í að velja sér nýjan flatskjá eða snjallsíma en hirðir lítið um að kynna sér lífeyrisréttindin, mikilvægustu veraldlegu eign sína í mörgum tilvikum. Mér liggur á hjarta að hvetja sem flesta til að taka sér tíma til að fjalla um stöðu sína og fjölskyldu sinnar og spyrja sig hvort allt sé með felldu. Bíða ekki með að spá í réttindi sín og stöðu þar til eitthvað bjátar á,“ segir Þórey S. Þórðardóttir.

„Lífeyrissjóðir veita sjóðfélögum sína áfallavernd í formi örorkulífeyris, makalífeyris eða barnalífeyris og í flestum tilvikum duga slík öryggisnet þegar á reynir. Í öðrum tilvikum hefðu menn kosið eftir á að hafa verið fyrir-

hyggjusamari með því að kaupa frjálsar viðbótartryggingar vegna veikinda, slysa eða dauðsfalls.

Eru lífeyrisréttindin viðunandi fyrir mig og mína? Hvað gerist ef á þau reynir?


Er rétt að gera samning til að jafna ellilífeyrisréttindi mín og makans?

Þetta eru stórar spurningar sem fólk á að taka sér tíma til að velja fyrir sér og svara.

Er rétt að gera erfðaskrá? Stór spurning líka sem er ómaksins vert að svara.“

# Séreign

= búhyggja og ráðdeild



Hér er gert ráð fyrir að 4% launa séu lögð í séreignarsjóð og ávöxtun sé 3%. Séreignin bætir sem svarar til 5-35% af vinnulaunum við eftirlaun viðkomandi í 10 ár, allt eftir því hve langur sparnaðartíminn er.

Séreignarsparnaður er álitlegastur kosta fyrir þá sem leggja fyrir í eigin sjóð til efri árunna og bætir þannig við eftirlaunin sem þeirra bíða í samræmi við áunnin réttindi í samtryggingardeildum lífeyrissjóða.

Sá sem leggur 2% af launum inn á séreignarreikning fær 2% á móti frá atvinnurekanda sínum. Viðkomandi getur á 30 árum safnað í sjóði fjármunum sem bæta við lögbundin eftirlaun upphæð sem jafngildir um fjórðungi tekna við lok starfsferils síns í tíu ár. Munar um minna! Því fyrr sem menn byrja að safna séreignarsparnaði því betra.

Séreign er í raun tekjur sem safna vöxtum á sérreikningi sjóðfélaga og unnt er að taka út þegar viðkomandi verður sextugur. Sjóðfélaginn velur sjálfur leiðir til að ávaxta séreignina og leitar ráða innan lífeyrissjóðanna eða utan þeirra. Hann getur þar með valið um leiðir með mismikla áhættu í fjárfestingum og dreift áhættunni.



## Gott að vita

Kynningar- og fræðsluvefur lífeyrissjóðanna, Gott að vita, er kominn á Vefinn í nýjum, frísklegum og myndrænum búningi.

Vefst eitthvað fyrir mér um lífeyrisréttindi, efri árin eða um lífeyrismál yfirleitt? Já, og þá prófa ég að leita svara á gottadvita.

[gottadvita.is](http://gottadvita.is)

# Ráðhollir pabbar

Eyjamaðurinn **Áslaug Dís Bergsdóttir** og Akureyringurinn **Róbert Örn Guðmundsson** eiga það sameiginlegt að hafa í upphafi ferils síns á vinnumarkaði verið svo forsjal að semja um séreignarsparnað. Þau eiga það líka sameiginlegt að hafa farið þar að ráðum feðra sinna um lífeyrissparnað fyrir 5-6 árum.



## Áslaug Dís

er læknanemi á fyrsta ári í Háskóla Íslands og situr í stúdentaráði HÍ. Hún er stúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlið og hefur unnið í sumarleyfum heima í Vestmannaeyjum, síðast í Vinnslustöðinni sumarið 2013.

„Pabbi vildi að ég safnaði séreignarsparnaði og fór með mig í Lífeyrissjóð Vestmannaeyja til að gera samning um það strax eftir 18 ára afmælið. Hann er sjálfur með séreignarsparnaðarreikning en segist sjá eftir því að hafa ekki byrjað fyrr að leggja fyrir á þennan hátt.

Ég hef annars ekki sett mig mikið inn í lífeyrismálin og þau er sjaldan rædd í hópum fólks á svipuðu aldri og ég er. Mér finnst hins vegar skynsamlegt að safna séreignarsparnaði og fékk kærastann minn til að fara þessa sömu leið.“

➤ *Hjá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja er um tvær leiðir að velja í séreignarsparnaði: Safn I og II.*



## Róbert Örn

nemur sjávarútvegsfræði til BS-prófs í Háskólanum á Akureyri og er á öðru ári af þremur. Hann er stúdent frá Verkmenntaskólanum á Akureyri og hefur unnið í sjávarútvegsfyrirtækjum í sumarleyfum og/eða í tengslum við námið, meðal annars hjá HB-Granda á Vopnafirði og sem sjómaður hjá Samherja sumarið 2013.

„Upphaflega var það faðir minn sem ráðlagði mér eindregið að byrja að safna séreignarsparnaði og það gerði ég fyrir um fimm árum hjá Stapa lífeyrissjóði á Akureyri. Ég er sannfærður um að þetta sé skynsamlegt og að best sé að byrja sem fyrst á ævinni. Alltaf verða not fyrir peningana síðar og þarna verður til sjóður sem er á mínu nafni og ég ráðstafa þegar þar að kemur. Fyrirkomulagið er gott því ég fæ mótframlag frá atvinnurekandanum sem jafngildir í raun launahækkun sem því nemur.

Ég hef tekið eftir því að áreiti erlendra fyrirtækja vegna lífeyrissparnaðar er mun meira en íslenskra sjóða, sérstaklega gagnvart ungu fólki. Til dæmis voru fulltrúar þýsks félags einu sinni á bensinstöð á Vopnafirði og buðu þeim lífeyristryggingar sem þangað komu að kaupa bensín. Það fannst mér nú einum of mikið.“

➤ *Hjá Stapa lífeyrissjóði er um þrjár leiðir að velja í séreignarsparnaði: Safn I, II og III.*




Stutta svarið

# Öldrunarsprengingin

Þjóðir eldast og það hratt. Íslensk þjóð eldist líka og það hratt eftir 2020.

Um þetta má skrifa ritgerðir en línuritið segir það sem segja þarf, skýrt og greinilega. **Hagstofa Íslands spáir því að Íslendingum 67 ára og eldri fjölgi úr 36.000 árið 2013 í 97.000 árið 2060.** Með öðrum orðum: nær þreföldun 67 ára Íslendinga og eldri á hálfri öld.



Hvað kemur upp í hugann þegar horft er á línuritið? Við biðjum um „stutta svarið“! >>>



## Benedikt Jóhannesson

tryggingastærðfræðingur og framkvæmdastjóri Talnakönnunar:

1. Það er eins gott að til séu lífeyrissjóðir þegar að þessu kemur.
2. Það er eins gott að einhver verði nógu fjársterkur til þess að kaupa eignir sjóðanna þegar þeir þurfa að léttu á sér.
3. Það er eins gott að menn vinni sem lengst og eftirlaunaaldur verði hækkaður. Þá vinnst þrennt: Fólki vinnur sér lengur inn fyrir lífeyrisréttindum, það þarf ekki að borga því lífeyri jafn lengi og þjóðfélagið græðir á því að fólk er lengur virkt á vinnumarkaði.



## Ragnheiður Gunnarsdóttir

varaformaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og stjórnarformaður Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga:

1. Umönnunarpungi heilbrigðiskerfisins vegna aldraðra eykst í sama hlutfalli og línuritið sýnir um fjölgun aldraðra, með tilsvarendi kostnaði. Það eitt ætti að sýna fram á hve nauðsynlegt er að tryggja hámarksávöxtun lífeyrissjóðanna með afnámi gjaldeyrishafta á fjárfestingar þeirra og með lækkun rekstarkostnaðar þeirra, til dæmis með stórfelldri sameiningu sjóðanna.
2. Ef inngreiðslur í opinberu sjóðina aukast ekki munu þeir einfaldlega tæmast eða breytast á tiltölulega fáum árum í gegnumstreymissjóði, að hluta til eða að öllu leyti.
3. Svo vaknar pólitísk spurning sem kallar á svar og tengist því að hve miklu leyti lífeyrissjóðum er ætlað að taka þátt í greiðslu daggjalda á hjúkrunarheimilum: Mun fólkið sjálf í auknum mæli verða ábyrgt fyrir eigin velferð og lífi á efri árum?



## Menn gefi sér ekki að ævin verði löng og áfallalaus!

„Við skynjum oft að fólk fer ekki að spá í kjör sín handan starfsloka fyrr en fáeinum árum áður en að þeim tímamótum kemur og þá er sáralitlu hægt breyta. Vilji menn til dæmis safna myndarlegum eftirlaunasjóði með séreignarsparnaði þarf að byrja snemma starfsævinnar en þeirri hugsun er ekki auðvelt að koma inn hjá yngstu hópum á vinnumarkaði. Fólk um miðjan aldur er mót-tækilegra fyrir slíkum boðskap. Ég legg jafnframt áherslu á að séreignarsparnaður eigi að vera ósnertanlegur fram að eftirlaunaaldri. Menn eigi að láta hann eiga sig nema afar brýna nauðsyn beri til,“ segir Gunnar Baldvinsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins.

„Við búum við skylduaðild að lífeyrissjóðum og lögum samkvæmt verður vinnandi fólk á aldrinum 16 til 69 ára að greiða lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð, sem tryggir því réttindi til eftirlauna svo lengi sem það lifir. Sumir mæla gegn þessu fyrirkomulagi og telja að hver og einn skuli sjá um sig með því að leggja fyrir og spara til efri ára. Það kann að hljóma vel en gengur ekki upp. Skylduaðildin er nauðsynleg til að koma í veg fyrir að þeir sem koma sér undan því að spara fái fullar greiðslur úr almannatryggingum en taki ekki þátt í samtryggingunni.



Aðrir eru þeirrar skoðunar að íslenska ríkið eigi að greiða eftirlaun gegnum almannatryggingakerfið, eins og margar þjóðir hafa kosið að gera. Það hljómar líka vel en gallinn er sá að kynslóðir bera þá misþungar byrðar af lífeyrisgreiðslum eftirlaunakerfisins. Svona gegnumstreymiskerfi gekk vel þegar þjóðir voru ungar og eldri borgarar tiltölulega lágt hlutfall samfélaga. Þegar nú þjóðir eldast á næstu áratugum og vinnandi fólki fækkar að sama skapi standa menn frammi fyrir miklum vanda. Menn horfa þá öfundaraugum til þeirra sem fóru aðra leið, til dæmis til okkar Íslendinga!“

Lífeyrisréttindi skiptast í elli- og áfallalífeyri (samheiti yfir örorku-, maka- og barnalífeyri). Þau ávinnast í hlutfalli við greidd iðgjöld og ætla má að eftir 40 ára starfsævi nemi eftirlaun 30-50% af lokalaunum. Endanleg fjárhæð ræðst af launaþróun, réttindakerfum og afkomu lífeyrissjóða. Mikilvægt er að þekkja lífeyrisrétt sinn til að geta metið hvort og hvernig unnt sé að spara til að tryggja sér eftirlaun sem viðkomandi telur viðunandi. Sér-eignarsparnaður er farsælasta leiðin til þess.

Örorkulífeyrir lífeyrissjóðanna er besta og ódýrasta tryggingin sem völ er á gegn tekjumissi vegna örorku. Rétt er að hafa í huga að örorka er mun algengari en margur hyggur: **28% kvenna og 17% karla á aldrinum 16-64 ára verða varanlega óvinnufær fyrir 65 ára aldur.**

Missi sjóðfélagi starfsorku vegna slyss eða sjúkdóms greiða lífeyrissjóðir örorkulífeyri til æviloka (hann breytist í ellilífeyri þegar eftirlaunaaldri er náð).

„Ungu fólki finnst að framundan sé löng og áfallalaus ævi en bitur reynsla kennir að ráðlegt er að gera ráðstafanir til að draga úr tekjumissi sem veikindi eða slys hafa í för með sér,“ segir Gunnar Baldvinsson. „Flestir kaupa persónutryggingar vegna slysa eða örorku eða leggja fyrir í eigin sjóð. Mælt er með því að örorkulífeyrir verði í heildina 60-70% af launum og rétt er að miða við það. Tryggingaþörfin er vitanlega einstaklingsbundin og ræðst af fjárhag og fjölskylduaðstæðum en aðalatriðið er að vera upplýstur um stöðu sína og aðstæður á hverjum tíma.“ ■


## Hagkvæmur rekstur sjóðanna

Rekstrarkostnaður íslenskra lífeyrissjóða er með því lágsta er þekktist meðal lífeyrissjóða í alþjóðlegum samanburði innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Heildarkostnaður við rekstur lífeyrissjóða er jafnan borinn saman sem hlutfall af eignum. Árið 2012 nam hann 0,25% hjá íslensku sjóðunum.

Á súluritinu sést að Ísland er á svipuðu róli og Þýskaland, Holland og Danmörk í þessum efnum en heildarkostnaður víða annars staðar er meiri og það jafnvel margfalt meiri.

Í krónum talið jafngildir íslenska kostnaðarhlutfallið 5,6 milljörðum króna á árinu 2012. Þar af er eiginlegur rekstrarkostnaður 2,9 milljarðar króna og fjárfestingargjöld 2,7 milljarðar króna.

Heildareignir lífeyrissjóðanna voru hátt í 2.700 milljarðar króna í lok árs 2013 og höfðu sexfaldast frá 1998.



# Fimm lífeyrissjóðir í eina sæng

## Lífeyrissjóðir landsmanna eru nú 27 talsins en voru 96 árið 1980

Lífeyrissjóðum fækkaði síðast sumarið 2013 þegar fimm lokaðir sjóðir með bakábyrgð sveitarfélaga sameinuðust í eina deild hjá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga (LSS). Sú deild er kölluð bæjarfélagadeild eða B-deild. Sameiningin miðast formlega við 1. júlí 2013. Þarna sameinuðust Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóður Neskaupstaðar, Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar og Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjarkaupstaðar.

Forsenda sameiningarinnar var að auka samlegðar-áhrif af rekstri sjóðanna og einfalda utanumhald sem skilar sér í sparnaði í rekstri.

Gagnvart sjóðfélögum voru grunnforsendur þær að lífeyrisréttindi yrðu óbreytt sem og réttindaávinnsla til framtíðar. Réttindi eru áfram tryggð að fullu með bakábyrgð viðkomandi sveitarfélags. Bakábyrgðin er einnig óbreytt og hún sérgreind fyrir hvern sjóð/réttindasafn (í stað lífeyrissjóða er nú talað um réttindasöfn lokuðu sjóðanna í B-deildinni).

Eignir viðkomandi fimm sjóða voru sameinaðar í eitt safn með eignir upp á um 4 milljarða króna.



Jón G. Kristjánsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

- Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga, LSS, var stofnaður 28. júlí 1998 og fékk starfsleyfi í desember á sama ári. Hann rekur tvær samtryggingardeildir sem opnar eru starfsmönnum sveitarfélaga og fyrirtækja eða stofnana á vegum sveitarfélaganna.
- LSS hefur frá stofnun tekið við nýjum sjóðfélögum samkvæmt ákvæði kjarasamninga um skylduaðild starfsmanna sem aðild eiga að BHM, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Launanevnd sveitarfélaga.
- LSS rekur Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóð starfsmanna Kópavogsbæjar.
- Virkir sjóðfélagar í LSS eru liðlega 14.700.
- Hrein eign LSS var liðlega 86 milljarðar króna í árslok 2013 (áætluð tala).
- Samanlögð hrein eign LSS, Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar var áætluð liðlega 155 milljarðar króna í lok árs 2013.

# Eitt ár á lífeyri fyrir hver tvö ár í vinnu


Hve stóran hluta ævi sinnar getur 25 ára Íslendingur búist við að jafnaði að fá lífeyri (eftirlaun eða örorkulífeyri) úr lífeyrissjóðum sínum?

Lífeyrisgreiðslur vara mismunandi eðli máls samkvæmt. Sumir lifa skemur en svo að þeir komist nokkurn tíma á lífeyri, aðrir lifa svo lengi að þeir fá greitt úr lífeyrissjóðum sínum mun meira en þeir greiddu í þá. Ævilengd flestra er hins vegar nálægt meðaltali.

Samkvæmt reiknuðum lífs- og örorkulíkum á Íslandi greiða lífeyrissjóðir lífeyri að meðaltali um þriðjung ævi fólks eftir 25 ára aldur.

**Maður sem kemur á vinnumarkað 25 ára hefur að jafnaði tvö ár til að undirbúa eitt ár á lífeyri og gera ráðstafanir til að verja sig fjárhagslegum áföllum á starfsævinni.**

## Hvaðan koma launatekjur frá 25 ára aldri til æviloka?



Myndin sýnir 100 manna hóp sem kemur á vinnumarkaðinn 25 ára og fer á eftirlaun 67 ára.

- Starfandi á vinnumarkaði og greiða í lífeyrissjóði.
- Óvinnufær á starfsævinni og fá örorkulífeyri [örorkutíðni eykst með aldrinum].
- Eftirlaunamenn.

- » Við 67 ára aldur hefur fækkað um 10% í hópnum og einn af hverjum fimm er á örorkulífeyri.
- » Meðalævin er 82 ár og stór hluti hópsins lifir lengur en það, margir mun lengur.

Byggt á upplýsingum Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings.



# Risaskrefið í lífeyrismálum '69

„Kjarasamningar voru 1969 mörkuðu tímamót vegna ákvæðis um aðild launafólks í verkalýðsfélögum á almennum markaði að lífeyrissjóðum. Lög um skylduaðild allra launamanna að lífeyrissjóðum voru sett nokkru síðar, árið 1974, og tóku líka til þeirra sem voru utan verkalýðsfélaga.

Sjómenn og verslunarmenn höfðu áður stofnað lífeyrissjóði og opinberir starfsmenn sömuleiðis en í framhaldi af samningunum '69 urðu til lífeyrissjóðir sem starfræktir voru á félagsgrundvelli fyrir aðra launamenn á Íslandi.

Þarna var lagður grunnur að lífeyriskerfinu sem við búum við í dag, kerfi sem stendur sannarlega fyrir sínu en ýmsir sjá ástæðu til að agnúast út í óverðskuldað,“ segir Magnús L. Sveinsson, fyrrverandi formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Hann er meðal fárra eftirlifandi í hópi þeirra sem skrifuðu undir samningana 1969 og sá atburður er honum í fersku minni.

„Ótrúlega algengt er að heyra fólk nú til dags tala um að réttindi til lífeyris eða atvinnuleysisbóta séu „bara sjálfsögð mannréttindi“. Það er alls ekki svo! Fyrir öllum réttindum þurfti láglaunafólk að berjast og kostaði stundum margra vikna verkföll að ná þeim í gegn, sem oft vill gleymast þegar frá líður.“

## 15 ára réttindabil brúað

Lífeyrissjóður verslunarmanna tók til starfa í febrúar 1956 á grundvelli kjarasamnings frá 1955. Verslunarmenn urðu jafnframt að fallast á að eiga ekki aðild að Atvinnuleysistryggingarsjóði sem stofnaður var með lögum 1955. Verslunarmenn fengu ekki aðild að þeim sjóði fyrr en 1966 og þurfti verkfall til að knýja það í gegn.

„Lífeyrissjóður verslunarmanna var orðinn býsna öflugur þegar samið var um skylduaðild fyrir almenna vinnumarkaðinn 1969 og lagði í framhaldinu verulega fjármuni inn í nýja lífeyriskerfið til að koma því á legg, í nafni samhjalpar.

Sett voru lög um eftirlaun til aldraðra félaga í verkalýðsfélögum árið 1970 til að tryggja þeim eftirlaunarétt. Dæmi má taka af sjötugum félaga í nýjum lífeyrissjóði. Sá hafði að sjálfsögðu engin lífeyrisréttindi áunnið sér en fékk úthlutað réttindum sem svaraði til þess að hann hefði safnað þeim í 15 ár. Atvinnuleysistryggingarsjóði var gert að greiða þrjá fjórðu hluta tilheyrandi kostnaðar og ríkissjóður fjármagnaði fjórðung kostnaðar.

Síðar var samið um að lífeyrissjóðir á almennum markaði greiddu verðlagsuppbætur á lífeyri með því að láta 4% af iðgjaldatekjum sínum renna í

sérstakan jöfnarsjóð sem greiddi út uppbæturnar. Sú ráðstöfun gjörbreytti stöðu fólks á eftirlaunum og Lífeyrissjóður verslunarmanna gerði betur en honum bar í raun með því að greiða meira í jöfnunarsjóðinn en sem nam framlagi vegna aldraðra verslunarmanna.“

## Góður málsstaður lífeyrissjóða

„Auðvitað var tekist á um kaup og kjör í kjarasamningunum 1969 en lífeyrissjóðamálið var meginefnið og það atriði sem gerir samningana merkilega enn þann dag í dag. Almenn skylduáðild að lífeyrissjóðum lagði grunn að því sterka lífeyrskerfi sem við búum við.“

Sumir virðast líta á það sem köllun sína að tala niður lífeyrissjóði og finna þeim flest til foráttu, ekki síst eftir bankahrunið. Alltaf er nú auðvelt að vera vitur eftir á og vel má vera að hægt hefði verið að gera eitt og annað öðru vísu fyrir daga hrunsins. Enginn


sá samt fyrir að heilt fjármálakerfi færi á hliðina á fáeinum sólarhringum.

Stjórnnum lífeyrissjóða ber skylda til þess lögum samkvæmt að ávaxta eignir sjóðanna. Þær verða því að fjárfesta, sem auðvitað fylgir stundum áhætta. Hrúnið kom á lífeyrissjóði líkt og aðra í fjármálaheiminum en staða þeirra er misjöfn. Sumir sjóðir höfðu náð svo góðri ávöxtun fyrir hrún, umfram verðlagsþróun, að þeir geta nú greitt út verðbættan lífeyri þrátt að hafa tapað hluta eigna sinna í hrúninu. Rétt er að hafa þetta á hreinu.

Eitt ber samt að nefna hér sem veldur í vaxandi mæli óánægju meðal lífeyrisþega: skerðingarákvæði Tryggingastofnunar. Þeim fjölgar stöðugt sem komnir eru á eftirlaunaaldur og eru byrjaðir að fá greiðslur úr almenna lífeyrissjóðakerfinu. Aldraðir vakna síðan upp við þann vonda draum að greiðslur frá Tryggingastofnun eru stórlega skertar, einmitt þegar þeir vilja njóta ávaxanna af því að hafa lagt hluta launa sinna í lífeyrissjóði og greitt jafnframt iðgjald sitt til almannatryggingakerfisins, oft af lágum launum. Þetta er ótækt.

Þegar öllu er á botninn hvolft hafa lífeyrissjóðir góðan málsað en mér þykir nokkuð á skorta að forystumenn þeirra komi fram á sviðið til að segja frá og svara ótal staðleysum og rangfærslum sem bornar eru á borð aftur og aftur í þjóðmálaumræðunni. Það á ekki að láta menn komast upp með fara með fleipur án þess að taka á móti þeim.“

**Undirskrift fulltrúa atvinnurekenda og Alþýðusambandsmanna frá 10. maí 1969. Magnús L. skrifar síðastur undir fyrir hönd ASÍ.**





# Lífeyrisgáttin

Lífeyrisgáttin er öflugt tæki fyrir sjóðfélaga til að afla upplýsinga um áunnin lífeyrisréttindi sín í öllum samtryggingarsjóðum landsins. Upplýsingar um réttindi koma fram á yfirlitum til sjóðfélaga en margir eiga réttindi mun víðar en þar kemur fram. Þau réttindi geta verið vegna sumarvinnu á námsárum eða að viðkomandi hafi

skipt oft um vinnu á starfsferlinum. Þá kemur Lífeyrisgáttin að góðu gagni. Hana er að finna á heimasíðum lífeyrissjóðanna (smella á merki hennar þar). Leið að öllum sjóðum er á vefsíðunni [lifeyrisgattin.is](http://lifeyrisgattin.is). Notuð eru sömu aðgangsorð og gilda fyrir sjóðfélagavefi.

[lifeyrisgattin.is](http://lifeyrisgattin.is)

## Ísland með í fjölþjóðlegu OECD-rannsóknarverkefni

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, stendur að fjölþjóðlegu rannsóknarverkefni er varðar tiltekna þrjá þætti lífeyrismála og lýkur íslenskum hluta þess sumarið 2014.

Fjármálaeftirlitið (FME) ber ábyrgð á rannsókninni héraðs og hefur samið við Landssamtök lífeyris-sjóða um framkvæmdina. Stefán Halldórsson er verkefnisstjóri af hálfu samtakanna og Björn Z. Ásgrímsson hefur umsjón með verkefninu af hálfu FME. Bjarni Guðmundsson trygginga-stærðfræðingur starfar einnig að verkefninu.

Rannsóknin fjallar um nægjanleika vænts lífeyris (*Retirement Savings Adequacy*) og tekur til formlegs lífeyrissparnaðar, annars sparnaðar sem nýst gæti til framfærslu á efri árum og framfærsluviðmiða.

Verkefnið kallar á umfangsmikla upplýsingasöfnun og gagnavinnslu. Ætla má að niðurstöðurnar varpi ljósi á styrk og veikleika íslenska lífeyriskerfisins og verði þannig gagnlegar við að marka stefnu í lífeyrismálum.

Þá verður ekki síður forvitnilegt að sjá samanburð á kjörum fólks á eftirlaunum og samanburð á sjálfum lífeyriskerfunum í ríkjum OECD.



Útgefandi: Landssamtök lífeyrissjóða, mars 2014 - ll.is

Ábyrgðarmaður: Pórey S. Þórðardóttir

Umsjón: Athygli - athygli.is

Hönnun & umbrot: Effekt - effekt.is